

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2025-2026

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og heildsöluverð helstu mjólkurvara. Verðákvarðanir Verðlagsnefndar búvöru eru leiðandi fyrir þróun heildsöluverðs mjólkurafurða á Íslandi, en smásöluverð ræðst af ákvörðunum verslana og annarra smásala.

Verðlagsnefnd búvara er skipuð samkvæmt 7. grein Búvörulaga nr. 99/1993. Verðlagsnefnd búvara var síðast skipuð til tveggja ára frá nóvember 2024 til 2026.

Frá 2024 til 2026 er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Tryggvi Þór Herbertsson, skipaður formaður án tilnefningar, Sigurbjörg Ottesen og Rafn Bergsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Steinunn Bragadóttir tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Hrannar Már Gunnarsson tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Einnig var Hálfván Óskarsson tilnefndur af matvælaráðherra sem áheyrnarfulltrúi minni vinnslufyrirtækja mjólkur og hefur hann tillögurétt.

Verðlagsnefnd búvara fundaði fimm sinnum árið 2025 og hefur þegar fundað einu sinni árið 2026. Fundargerðir verðlagsnefndar eru birtar á vef Atvinnvegaráðuneytisins og eftirfarandi yfirlit um ákvarðanir um verðbreytingar byggir á fundargerðunum.

Á fundi 5. febrúar 2025 var samþykkt að hækka lágmarksverð til bænda um 0,46% til samræmis við mælda hækkun verðlagsgrundvallar kúabús frá september til desember 2024.

Tveimur dögum síðar (7. febrúar) var haldinn annar fundur verðlagsnefndar. Á fundinum var farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva. Frá desember 2023 til september 2024 var hækkunarþörf samkvæmt iðnaðarlíkaninu 4,12%, en samþykktar verðhækkanir voru 3,20%. Samkvæmt því hafði 0,92% hækkun verið frestað. Vinnslu- og dreifingarkostnaður iðnaðarlíkans hafði einnig hækkað um 0,73% frá september til desember 2024. Samanlögð hækkunarþörf gaf því tilefni til 1,65% verðhækkunar. Eftir umræður var samþykkt að heildsöluverð mjólkurvara hækkaði um 1,0%, eða sem nam veginni hækkun lágmarksverðs og hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Einnig var samþykkt að heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkaði um 0,6% og að allar verðbreytingarnar tækju gildi 17. febrúar 2025.

Þriðji fundur nefndarinnar 2025 var 5. maí. Á fundinum kom fram að verðlagsgrundvöllur kúsbús hafði hækkað um 1,90% frá desember 2024 til mars 2025 og að hækkun launavísitölu um 3,5% hefði haft mest áhrif. Vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði á sama tíma samkvæmt iðnaðarlíkani um 2,03%; þar taldi hækkun launavísitölu einnig mest til hækkunar. Raforka hækkaði um 17,3% á tímabilinu, en sú hækkun vegur ekki eins þungt í rekstarkostnaði afurðastöðva og launakostnaður.

Fundurinn samþykkti að lágmarksverð til bænda hækkaði samkvæmt mælingu verðlagsgrundvallar, um 1,90%, og að heildsöluverð mjólkurafurða hækkaði um vegið meðaltal hækkunar lágmarksverðs mjólkur og vinnslu- og dreifingarkostnaðar, eða um 1,96%. Heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur hækkaði um 1,91%. Allar hækkunir tóku gildi 17. maí 2025.

Á fundi 29. ágúst voru kynntar niðurstöður mælinga verðlagsgrundvallar kúabús og iðnaðarlíkans frá síðustu verðlagningu. Frá mars til júní mældust kostnaðarliðir kúabús hafa hækkað um 1,15%, en hækkun

iðnaðarlíkans mældist 1,55%. Að lokinni umræðu var lagt til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um 1,15% í samræmi við niðurstöðu verðlagslíkans og heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað um 1,33%, eða sem nam veginni hækkun beggja líkana. Nýtt lágmarksverð mjólkur frá 1. september var ákveðið 141,13 kr/ltr en hækkun heildsöluverðs mjólkurvara tæki gildi 8. september. Einnig var samþykkt að heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkaði um 1,03% í 158,39 kr/ltr frá 8. september.

Síðasti fundur verðlagsnefndar árið 2025 var haldinn 13. nóvember. Frá júní til september reyndust kostnaðarliðir kúabús hafa hækkað um 0,18%, en hækkun iðnaðarlíkans var 0,28%. Að lokinni umræðu um niðurstöður líkana var lagt til að lágmarksverðs til bænda yrði hækkað um 0,18% til samræmis við niðurstöðu verðlagslíkans en hækkun heildsöluverðs mjólkurvara yrði frestað fram til næstu verð-ákvörðunar. Nýtt lágmarksverð mjólkur frá 17. nóvember var ákveðið 141,39 kr/ltr. Heildsöluverð ógeril-sneyddrar mjólkur í lausu máli var samtímis hækkað um 0,16%.

Síðasti fundur verðlagsnefndar búvöru fyrir aðalfund SAM 2026 var 5. febrúar 2026. Á fundinum var kynnt þróun framleiðslukostnaðar samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús, en frá september til desember 2025 mældust kostnaðarhækkanir 0,89%.

Þá var fjallað um þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva, en við síðustu verðákvörðun 2025 var ákveðið að geyma heilsöluverðshækkun. Að þessu sinni var því horft til beytingar á kostnaði samkvæmt iðnaðarlíkani frá júní til desember 2025, reiknuð hækkunarþörf mældist 0,90% á tímabilinu.

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlíkana var lögð fram tillaga að lágmarksverð til bænda hækkaði samkvæmt mældri hækkun verðlagsgrundvallar, um 0,89%, eða í 142,65 kr/ltr þann 6. febrúar 2026. Einnig var lagt til að heildsöluverð hækkaði um 0,89% frá 16. febrúar, eða sem nam veginni hækkun lágmarksverðs og iðnaðarmóðels.

Síðasta mál á dagskrá verðlagsnefndar 5. febrúar 2026 var afgreiðsla á erindi frá SAM, þar sem kynntir voru útreikningar og tillaga um nýtt viðmið meðalefnainnihalds mjólkur fyrir árið 2026, en meðal-efnainnihald mjólkur er hverju sinni miðað við efnainnihald mjólkur síðastliðin þrjú ár (nú 2023, 2024 og 2025). Verðlagsnefnd staðfesti viðmið fyrir efnainnihald mjólkur árið 2026 sem 4,21% fitu og 3,37% prótein sem grunn að útreikningi lágmarksverðs mjólkur.